



BARNIÐ Í BRENNIDEPLI

SJÁLFSMATSSKÝRSLA TRÖLLABORGAR

Veturinn 2016-2017



Anna Árnína Stefánsdóttir



Inngangur	3
1 Leikskólinn Tröllaborg.....	4
2. Áherslupættir í starfi Tröllaborgar.....	5
3 Sjálfsmat	6
4 Sjálfsmatsáætlun	8
5 Sjálfsmat og lykilpættir 2015-2016.....	9
6 Áætlun um aðgerðir - Þróunaráætlun	12
7 Eftirfylgni	12
8 Mat á þróunaráætlun skólaárið 2015-2016	13
9 Niðurstöður úr foreldrakönnun – skólapúsinn.....	13
10 Fylgiskjöl	17



Inngangur

Mat á leikskólastarfi er liður í þróun og vexti leikskólans og tengist markmiðum hans og áætlunum. Einstakir starfsmenn leikskólans geta borið sérstaka ábyrgð á matsvinnunni en það er afgerandi fyrir allt ferlið að allir starfsmenn leikskólans komi að vinnunni á einn eða annan hátt.

Samkvæmt 17.gr. laga um leikskóla ber öllum leikskólum að framkvæma kerfisbundið sjálfsmat með virkri þátttöku starfsmanna, barna og foreldra eftir því sem við á. Upplýsingar um innra mat birtir leikskólinn opinberlega, tengsl þess við skólanámskrá og áætlanir um úrbætur.

Mat á leikskólastarfi er skipt í innra og ytra mat. Innra mat er framkvæmt af starfsmönnum leikskólans en ytra mat af utanaðkomandi aðilum eins og sveitarfélaginu eða menntamálaráðuneytinu.

Tilgangurinn með sjálfsmati er að kanna hvort markmiðum leikskólans hafi verið náð, greina veika og sterka þætti í leikskólastarfinu og leggja þannig grunn að umbótum. Með sjálfsmati fer fram viðtæk gagnaöflun um skólastarfið. Sjálfsmat er því góð leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti leikskólans. Það má því segja að sjálfsmatið í heild sinni sé lykill að því að gera góðan skóla enn betri.

Til þess að mat uppfylli viðmið laga þarf það að vera formlegt, altækt, áreiðanlegt, samstarfsmiðað, umbótamiðað, árangursmiðað, stofnana- og einstaklingsmiðað, lýsandi, greinandi og opinbert.

Haustið 2007 fórum við í Tröllaborg af stað með sjálfsmat undir handleiðslu Þóru Bjarkar Jónsdóttur. Matslistinn sem við notum heitir „Barnið í brennidepli“ sem er skosk matsaðferð og er notuð í leikskólum í Skotlandi. Matslistinn er þýddur og staðfærður af Hildi Skarphéðinsdóttur. Barnið í brennidepli er matsaðferð sem á að hjálpa starfsfólki leikskóla að meta gæði uppeldis- og menntastarfsins, samskipta starfsfólks, foreldrasamstarfs og stjórnunar.



1 Leikskólinn Tröllaborg

Haustið 2003 var ákveðið að sameina leikskólana í austanverðum Skagafirði undir einn hatt og hlaut nafnið Tröllaborg. Tröllaborg er rekin á tveimur starfsstöðvum þ.e. Hofsósi og Hólum.

Í vetur voru 22 nemendur í leikskólanum, 9 á Hofsósi og 13 á Hólum. Í vetur var enginn nemandi í skólahóp.

Nemendafjöldi eftir árgöngum

Árgangur	Nemendafjöldi
2011	0
2012	8
2013	3
2014	8
2015	3
Samtals	22

Starfsmenn Tröllaborgar

Leikskólastjóri er Anna Árnína Stefánsdóttir sem er í 100% starfshlutfalli. Staðgengill leikskólastjóra er Eyrún Berta Guðmundsdóttir.

Deildarstjórar eru tveir, einn á hvorri starfsstöð, Ásrún Leósdóttir í Barnaborg á Hofsósi og Christine Hellwig í Brúsabæ á Hólum.

Samtals eru 8 starfsmenn í Tröllaborg fyrir utan leikskólastjóra í tæplega 7 stöðugildum.

Starfsheiti og stöðugildi

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall %
Leikskólastjóri	1	100
Deildarstjóri/leikskólakennari	2	200
Leikskólakennari	1	100
Leiðbeinandi	1	77,5
Skólaliði/afleysing	2	91,25
Matráður á Hofsósi	1	75
Aðsoðar matráður á Hólum	1	50
Samtals	8	6,94 stöðugildi



2. Áherslupættir í starfi Tröllaborgar

Í hverjum leikskóla eru sérstakar áherslur hafðar til hliðsjónar í leikskólastarfinu. Þessar áherslur mótast af þeim gildum sem ríkjandi eru í samfélaginu og ytri aðstæðum. Auk þess mótast áherslurnar af þeirri menntun og reynslu sem starfsfólkið hefur aflað sér og þeim kenningum sem litið er til við skipulagningu starfsins.

Leikskólinn Tröllaborg vinnur eftir framtíðarsýn skólastefnu Sveitarfélagsins Skagafjarðar. Í Tröllaborg er unnið eftir Aðalnámskrá leikskóla. Aðaláhersla er lögð á leikinn, læsi, umhverfismennt, skapandi starf og félagslega færni með það að markmiði að hver einstaklingur fái notið sín sem best. Með þessa þætti að leiðarljósi er litið til kenninga Johns Dewey sem lagði áherslu á það að lifa og læra væru samofnir þættir. Börn þurfa að fá að rannsaka og prófa til að öðlast aukna þekkingu. Einnig er horft til kenninga Lev Vygotsky sem lagði áherslu á að nám eigi sér stað í félagslegu samhengi í samskiptum milli barns annars vegar og fullorðins eða eldri barns sem hefur meiri þekkingu hins vegar.

Leikurinn er helsta námsleið barna og í gegnum hann efla þau alla þroskapætti. Því leggur starfsfólk leikskólans mikla áherslu á að leiknum sé gefið mikið svigrúm í starfseminni. Markvisst er stuðlað að því að leiktækifæri og leikefni barnanna séu fjölbreytt svo öll börn geti notið sín í leiknum á eigin forsendum. Hugað er að því að börnin fái að glíma við krefjandi verkefni undir handleiðslu og hvatningu starfsfólksins í þeim tilgangi að efla börnin til aukins þroska og getu.

Nauðsynlegt er að kenna börnunum að bera virðingu fyrir umhverfi sínu og öðru fólki. Besta leiðin til að kenna börnunum að bera virðingu fyrir öðrum er að sýna þeim sjálfum virðingu. Þetta er haft að leiðarljósi í leikskólanum. Börnunum er hrósað þegar þau sýna jákvæða hegðun sem hvetur þau áfram til jákvæðrar hegðunar. Þetta leiðir einnig til þess að þau taka eftir því jákvæða í fari hvers annars.



3 Sjálfsmat

Sjálfsmat leggur faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og er leið til að vinna kerfisbundið að því að auka gæði leikskólastarfsins og gera það skilvirkara. Í sjálfsmati er tekið mið af markmiðum og stefnu leikskólans og lýsingu á leiðum til að ná þeim. Ákveða þarf hvað á að skoða hverju sinni, t.d. samskipti, viðhorf eða skipulag. Skólanámskráin nýtist ekki sem tæki til skólaþróunar og umbóta nema fram fari sjálfsmat kennara og skólans í heild. Eins og fram kemur í innganginum þá notar leikskólinn Tröllaborg matslistann „Barnið í brennidepli“ í sínu sjálfsmati. Barnið í brennidepli miðar að því að hjálpa leikskólum við að meta eigin vinnu með árangursvísum sem allir eiga að geta nýtt sér. Sumir árangursvísanna kunna stundum að vera mikilvægari en aðrir, en saman mynda þeir matsaðferð sem ætlað er að stuðla að árangursríkri leikskóladvöl fyrir öll börn.

Allir sem koma nálægt starfinu í leikskólanum geta tekið þátt í matsferlinu. Sjálfsmat fer í flestum tilfellum fram undir stjórn leikskólastjórans, verkefnastjóra eða matshóps. Í okkar tilfalli þá stýrir leikskólastjóri matsferlinu.

Samhent vinna við að bera kennsl á styrkleika og veikleika leikskólans hjálpar öllum aðilum við að móta skýra mynd af vinnunni, bæði með tilliti til núverandi stöðu og framtíðarstefnu. Sjálfsmatið getur þannig eflt og styrkt samvinnu og þróað leið til að virkja alla viðkomandi í starfi til umbóta í öllu leikskólastarfinu.

Með aðferðinni er leikskólastarfinu skipt upp í sjö lykilþætti sem ná yfir alla þætti starfseminnar. Hverjum lykilþætti er síðan skipt upp í nokkur meginatriði sem nefndir eru árangursvísar. Nánari útskýringu má sjá í töflunni hér á eftir.



Lykilþáttur	Árangursvísir
1 Námskrá	Árangursvísir 1.1 – Uppbygging námskrár Árangursvísir 1.2 – Gæði áætlana Árangursvísir 1.3 – Gæði dagskipulags
2 Þroski og framfarir barnanna	Árangursvísir 2.1 – Framfarir barnanna í þroska og námi
3 Nám í gegnum leikinn	Árangursvísir 3.1 – Gæði náms í gegnum leikinn Árangursvísir 3.2 – Samskipti barna og starfsfólks Árangursvísir 3.3 – Að mæta þörfum barnanna Árangursvísir 3.4 – Mat og gagnasöfnun
4 Stuðningur við börn og fjölskyldur	Árangursvísir 4.1 – Samræmt uppeldisstarf Árangursvísir 4.2 – Samræmi uppeldis og menntunar Árangursvísir 4.3 – Stuðningur í uppeldi og námi Árangursvísir 4.4 – Stuðningur við börn með sérþarfir
5 Vinnusiðfræði leikskólans	Árangursvísir 5.1 – Starfsandi Árangursvísir 5.2 – Jafnrétti og réttisýni Árangursvísir 5.3 – Samvinna við foreldra Árangursvísir 5.4 – Tengsl við aðra leikskóla, grunnskóla og aðrar stofnanir Árangursvísir 5.5 – Samvinna starfsfólks
6 Námsumhverfi leikskólans	Árangursvísir 6.1 – Húsnæði og almennur aðbúnaður Árangursvísir 6.2 – Framboð námsgagna Árangursvísir 6.3 – Ráðning og hæfni starfsfólks Árangursvísir 6.4 – Starfsþróun og endurmat
7 Stjórnun	Árangursvísir 7.1 – Sjálfsmat Árangursvísir 7.2 – Markmið og stefnumörkun Árangursvísir 7.3 – Áætlun til aukins árangurs Árangursvísir 7.4 – Stjórnandinn Árangursvísir 7.5 – Virkni starfsfólks



Í matsvinnunni er hverjum árangursvísi gefin einkunn á skalanum 1-6 og er notaður eftirfarandi einkunnaskali:

6	Framúrskarandi	Framúrskarandi eða leiðandi á sínu sviði
5	Mjög gott	Afar sterkur þáttur
4	Gott	Mikilvæg atriði yfirleitt sterk en ákveðin atriði gætu orðið betri
3	Nægilegt	Sterk atriði rétt ná að vega meira en slök
2	Slakt	Mikilvæg atriði slök
1	Ófullnægjandi	Afar slakur þáttur

4 Sjálfsmatsáætlun

Þegar við byrjuðum að nota „Barnið í brennidepli“ þá gerðum við sjálfsmatsáætlun til þriggja ára sem rúllar svo alltaf eins frá ári til árs.

Það er verið að þýða nýjan sjálfsmatslista „Hversu góður er leikskólinn okkar“ sem vonandi verður tekinn í gagnið á næsta skólaári. Þessi áætlun er samt enn í gildi þar til nýi matslistinn kemur.

Sjálfsmatsáætlun 2015-2018

Lykilþáttur 1 - Námskrá - - - - - haustönn 2015
 Lykilþáttur 5 - Vinnusiðfræði leikskólans - - - - - vorönn 2016
 Lykilþáttur 7 - Stjórnun - - - - - haustönn 2016
 Lykilþáttur 2 - Þroski og framfarir barnanna - - - - - vorönn 2017
 Lykilþáttur 4 - Stuðningur við börn og fjölskyldur - - - - - vorönn 2017
 Lykilþáttur 3 - Nám í gegnum leik - - - - - haustönn 2017
 Lykilþáttur 6 - Námsumhverfi leikskólans - - - - - vorönn 2018

Sjálfsmatsteymi

Það er breytilegt frá ári til árs hvort skipað er sjálfsmatsteymi sem skipuleggur sjálfsmatið og sér um skýrslugerðina eða hvort leikskólastjóri sér um þá vinnu.

Á þessu skólaári hélt leikskólastjóri utan um allt sjálfsmatsferlið.



5 Sjálfsmat og lykilþættir 2015-2016

Samkvæmt matsáætluninni voru teknir fyrir lykilþættir:

- 2 - Þroski og framfarir barnanna
- 4 – Stuðningur við börn og fjölskyldur
- 7 - Stjórnun

Unnið var með lykilþættina á starfsmannafundum og tóku allir starfsmenn þátt. Þróunaráætlun er unnin með hverjum lykilþætti eftir því sem við á. Í matsvinnunni er hverjum árangursvísi gefin einkunn á skalanum 1-6. Unnið er út frá texta sem gefur einkunnina 6 sem er hæsta skor. Sá texti er klipptur niður í málsgreinar sem breytt er í spurningaform til að auðvelda umræðuna. Hver málsgrein er svo metin og fundin meðaltalsteinkunn á hvern árangursvísi. Ekki er gefin einkunn fyrir lykilþáttinn í heild.

Þó að við séum á tveimur starfsstöðvum er stefna okkar að starfsemin sé sem líkust á hverri starfsstöð. Stundum er þó óhjákvæmilegt að matið skiptist niður á báðar starfsstöðvar og er þá getið sérstaklega um það.

Lykilþáttur 2 – Þroski og framfarir barnanna

Árangursvísir	Vegin einkunn	Sterkir þættir	Veikir þættir
2.1 Framfarir barnanna í þroska og námi	5	• Reglubundið mat. • Náum vel utan um barnahópinn þannig að hvert og eitt barn fær notið sín - einstaklingsmiðun	

**Lykilþáttur 4 – Stuðningur við börn og fjölskyldur**

Árangursvísir	Vegin einkunn	Sterkir þættir	Veikir þættir
4.1 Samræmt uppeldisstarf	6	Fámennur hópur sem auðveldar allt utan um hald	
4.2 Samræmi uppeldis og menntunar	5	- Dagskipulagið er í góðu jafnvægi - Gott mótuneyti með hollum og góðum mat - Skólanámskrá er til og er sýnileg öllum á heimasíðunni	
4.3 Stuðningur í uppeldi og námi	5	- Tökum tillit til aðstæðna. - Gerum markvisst þroskamatskönnun - Stuðningur vel skipulagður - Erum með einstaklingsáætlanir fyrir þau börn sem þurfa stuðning	
4.4 Stuðningur við börn með sérþarfir	5	- Samræmi er á milli uppeldis, menntunar og þjónustu barnanna - Einstaklingsáætlanir eru gerðar og þeim fylgt eftir - Allir vel upplýstir um þarfir barnanna	Skrá betur niður hvernig gekk

**Lykilþáttur 7 – Stjórnun**

Árangursvísir	Vegin einkunn	Sterkir þættir	Veikir þættir
7.1 Sjálfsmat	5	Reglulegt sjálfsmat og virk sjálfsmatsáætlun	
7.2 Markmið og stefnumörkun	5	Skólanámskráin var unnin með þátttöku bæði foreldra og starfsmanna	
7.3 Áætlun til aukins árangurs	5	- Þróunaráætlun er til staðar sem er gagnorð og framsetning skýr - Þróunaráætlunin er metin reglulega	Vantar samt að hafa hana sýnilega inni á deild
7.4 Stjórnandinn	5	Samskipti við alla mjög góð	
7.5 Virkni starfsfólks	5	Frá leikskólastjóra: Ég er með mjög gott starfsfólk sem er stundvíst og er samviskusamt í alla staði	



6 Áætlun um aðgerðir - Þróunaráætlun

Þróunaráætlunin fylgir með hverjum lykilþætti eftir því sem við á og fylgir með í viðhengi en hér er hún birt í heild.

Árangursvísir	Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
4.4 Stuðningur við börn með sérþarfir	Búa til sérstakt eyðublað þar sem merkt er inná í hvert skipti sem stuðningurinn fer fram og hvernig gekk	Deildarstjóri	Á næsta starfsmannafundi í lok janúar 2017		Eyðublaðið kynnt á næsta starfsmannafundi þar á eftir
7.3 Áætlun til aukins árangurs	Prenta út þróunaráætlunina og setja í flettimöppu inn á deild	Deildarstjórar	Fyrsta nóvember 2016		Í sjálfsmati á síðasta starfsmannafundi í vor

7 Eftirfylgni

Það hefur verið okkar vandamál í sjálfsmatinu að þó svo þróunaráætlun sé gerð að þá er henni ekki alltaf fylgt eftir. Við tókum þess vegna þá ákvörðun að bæta inn í sjálfsmatsskýrsluna eftirfylgni við hana.

Þróunaráætlunin er hluti af sjálfsmati leikskólans. Þróunaráætlun er metin einu sinni til tvisvar á ári eftir eðli og umfangi, á fyrst starfsmannafundi á haustönn og á starfsmannafundi í apríl. Þá verður skoðað hvað komist hafi í framkvæmd og hvað ekki og úrbætur gerðar. Niðurstöður sjálfsmats ásamt þróunaráætlun eiga alltaf að liggja frammi í undirbúningsherbergi. Allir starfsmenn eiga að vera meðvitaðir um hana og ábyrgir fyrir að fylgja henni eftir.



8 Mat á þróunaráætlun skólaárið 2015-2016

Lykilþáttur	Hvað þarf að gera	Áætlun	Lokið/Ólokið
1.2 Gæði áætlana	Meta áætlanir reglulega	Leikskólastjóri skipuleggur vinnuna	Að hluta til hefur þetta gengið eftir
5.1 Starfsandi	Samræma betur aðgerðir varðandi óæskilega hegðun	Deildarstjórar og leikskólastjóri	Lokið
5.2 Jafnrétti og réttisýni	Búa til verkferla varðandi stuðning við foreldra	Deildarstjórar ásamt leikskólastjóra	Ekki lokið
5.4 Tengsl við aðra leikskóla, grunnskóla og aðrar stofnanir	Skipuleggja heimsóknir í fyrirtæki á Hofsósi	Deildarstjóri	Ekki lokið

9 Niðurstöður úr foreldrakönnun – skólapúsinn

Viðmiðunarhópur foreldrakönnunar Skólapúlsins samanstóð af meðaltali foreldra úr 34 leikskólum og var lögð fyrir í febrúar. Könnunin var lögð fyrir alla foreldra skólans. Sá háttur er hafður á að ef báðir foreldrar/forsjáraðilar eru með skráð netföng í skólanum þá er helmingur könnunar sendur á netfang hvors foreldris/forsjáraðila. Svarhlutfall í foreldrakönnuninni var 94,1%. Foreldrakönnuninni er skipt upp í fimm efnisflokka. Þeir eru *daglegt leikskólastarf*, *námsumhverfi*, *samskipti við foreldra*, *upphaf og lok skólagöngu* og *sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta*. Hver efnisflokkur samanstendur svo af mismörgum matsþáttum.



1. Daglegt leikskólastarf	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Ánægja með leikskólann	73,3%	11/15	80,1%	-6,8%
Stjórnendur sýnilegur í daglegu starfi	86,7%	13/15	82,1%	4,6%
Ánægja barnsins í leikskólanum	100,0%	12	94,6%	5,4%
Hæfilegur fjöldi barna á deild	56,2%	9/16	88,1%	-31,8%
Hollt mataræði	100,0%	15	89,0%	11,0%

Í flokknum *daglegt leikskólastarf* kemur fram að ánægja foreldra með daglegt starf í leikskólanum mælast þrír þættir hærrí en í viðmiðunarskólanum. Einn þáttur er langt undir en það er hæfilegur fjöldi á deild en fram kom í könnunni að foreldrum fannst of fá börn á deild sem skýrist af fámenninu. Skemmtilegt að sjá að í tveimur þáttum mælist niðurstaðan 100%. Annar þátturinn er hollt mataræði en hinn er ánægja barnsins í leikskólanum.

Námsumhverfi	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Vinnubrögð	81,8%	9/11	87,2%	-5,4%
Aðastaða	75,0%	9/12	81,9%	-6,9%
Félagsleg samskipti	85,7%	6/7	90,3%	-4,6%
Þátttaka án aðgreiningar	100,0%	7	96,5%	3,5%

Í flokknum *námsumhverfi* kemur fram að ánægja foreldra með námsumhverfi í leikskólanum er í þremur þáttum undir landsmeðaltali. Einn þáttur er 100% ánægja með en það er þátttaka án aðgreiningar.



Upphaf leikskólagöngu	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Leikskólabyrjun	-	-	-	-
Flutningur milli deilda	100,0%	3	86,9%	13,1%

Í flokknum *upphaf leikskólagöngu* voru ekki margir sem svörðu. Enginn marktæk svörun var við spurningum um leikskólabyrjun. Varðandi flutning milli deilda er 100% ánægja foreldra með það.

Samskipti við foreldra	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Upplýsingamiðlun	78,6%	11/14	63,7%	14,9%
Þekking á stefnu og námskrá leikskólans	87,5%	14/16	80,7%	6,8%
Tengsl við starfsfólk leikskólans	93,3%	14/15	95,7%	-2,4%
Hvatning til þátttöku í leikskólastarfinu	64,3%	9/14	73,2%	-8,9%
Tímasetning viðburða	71,4%	10/14	84,1%	-12,7%
Heimasíða leikskólans	90,9%	10/11	85,5%	5,4%

Í flokknum *samskipti við foreldra* kemur fram að ánægja með samskipti við foreldra er í þremur þáttum undir landsmeðaltali og þremu yfir. Foreldrar eru greinilega ánægðir með upplýsingamiðlun leikskólans en þar erum við tæpleg 15% yfir landsmeðaltali. Tímasetning viðburða er nokkuð undir landsmeðaltalinu en í opnu spurningunum kom fram að foreldra vildu ýmist fækka þessum dögum eða færa viðburðina eftir lokun á daginn.



Sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta	Niðurstaða	Fjöldi svara	Landsmeðaltal	Mismunur
Hlutfall sérkennslu og stuðnings	13,3%	2/15	16,7%	-3,4%
Hlutfall sérfræðipjónustu	13,3%	2/15	14,3%	-1,0%

Í flokknum *sérstakur stuðningur og sérfræðipjónusta* erum við undir landsmeðaltalinu hvað varðar fjölda sem njóta stuðnings og sérfræðipjónustu.



10 Fylgiskjöl

Fylgiskjal 1 – Framfarir barnanna í þroska og námi

Fylgiskjal 2 – Samræmt uppeldisstarf

Fylgiskjal 3 – Samræmi uppeldis og menntunar

Fylgiskjal 4 – Stuðningur í uppeldi og námi

Fylgiskjal 5 – Stuðningur við börn með sérþarfir

Fylgiskjal 6 – Sjálfsmat

Fylgiskjal 7 – Markmið og stefnumörkun

Fylgiskjal 8 – Áætlun til aukins árangurs

Fylgiskjal 9 – Stjórnandinn

Fylgiskjal 10 – Virkni starfsfólks



Lykilþáttur 2 Þroski og framfarir barnanna

Árangursvísir 2.1. Framfarir barnanna í þroska og námi

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

Okkar mat:

2.1.	Framfarir barnanna í þroska og námi	1	2	3	4	5	6
A	Flest börn taka miklum framförum í þroska og námi.					x	
B	Gert er reglubundið þroskamat og/eða uppeldisleg skráning frá upphafi leikskólagöngu hvers barns.						x
C	Foreldrar hafa gefið leyfi til að þetta mat fari fram og að upplýsingar verði veittar ef þörf krefur, s.s. til grunnskóla og leikskóla ef um flutning yrði að ræða.						x

Í okkar skóla/í okkar hópi álítum við að einnig sé mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, að:

D	Að foreldrar séu vel upplýstir um þroska og framfarir barnsins					x	
E							

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

Veiku hliðarnar okkar:

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

	1	2	3	4	5	6
Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:					x	

Tillögur um aðgerðir:

Þátttakendur í mati: Allir starfsmenn leikskólans

Athugasemdir um árangursvísi:

Hvar mætti afla gagna:



Lykilþáttur 4 **Stuðningur við börn og fjölskyldur**

Árangursvísir 4.1. **Samræmt uppeldisstarf**

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

Okkar mat:

4.1.	Samræmt uppeldisstarf	1	2	3	4	5	6
A	Stjórnendur og starfsfólk hefur góðan skilning á hlutverkum sínum og bera þá ábyrgð að vernda börnin frá skaða, misnotkun og vanrækslu.						x
B	Stjórnendur og starfsfólk er meðvitað um nauðsyn þess að vera vakandi fyrir heilsu og öryggi barnanna og fá stöðuga fræðslu og ráðgjöf í barnaverndarmálum.						x
C	Börnunum eru innrættar hreinlætisvenjur frá upphafi leikskóladvalar og gildi þess að borða hollan mat.						x
D	Persónulegar öryggisreglur eru fyrir hvert einstakt barn, s.s. fyrir börn sem eru með matarofnæmi.					x	

Í okkar skóla/í okkar hópi álítum við að einnig sé mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, að:

E							
F							

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

Veiku hliðarnar okkar:

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

	1	2	3	4	5	6
Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:						x

Tillögur um aðgerðir:

Þátttakendur í mati: Allir starfsmenn leikskólans

Athugasemdir um árangursvísi:

Hvar mætti afla gagna:



Lykilþáttur 4 Stuðningur við börn og fjölskyldur

Árangursvísir 4.2. Samræmi uppeldis og menntunar

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

Okkar mat:

4.2.	Samræmi uppeldis og menntunar	1	2	3	4	5	6
A	Dagskipulagið er í góðu jafnvægi. Sérstök áhersla er lögð á að börnin fái reglulega tækifæri til að vera athafnasöm og til að hvílast yfir daginn.						x
B	Börnin fá hollan mat þar sem fæðuhringurinn er lagður til grundvallar.						x
C	Skólanámskrá hefur verið unnin í leikskólanum m.a. til að móta markmið með uppeldi og menntun barnanna innan leikskólans.						x
D	Skólanámskrá er kynnt nýju starfsfólki og öðrum þeim sem vinna með börnunum hjá öðrum stofnunum.			x			

Í okkar skóla/í okkar hópi álítum við að einnig sé mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, að:

E							
F							

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

Veiku hliðarnar okkar:

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

	1	2	3	4	5	6
Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:					x	

Tillögur um aðgerðir:

Þátttakendur í mati: Allir starfsmenn leikskólans

Athugasemdir um árangursvísi:

D: Við höfum ekki haldið sérstaka kynningu fyrir aðrar stofnanir að öðru leiti en að auglýsa hana á heimasíðu stofnana. Við teljum ekki þörf á að kynna hana öðruvísi fyrir öðrum stofnunum. Að sjálfsögðu er hún kynnt fyrir nýju starfsfólki



Lykilþáttur 4 Stuðningur við börn og fjölskyldur

Árangursvísir 4.3. Stuðningur í uppeldi og námi

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

Okkar mat:

4.3.	Stuðningur í uppeldi og námi	1	2	3	4	5	6
A	Leikskólinn er vakandi fyrir þörf á stuðningi við börn og fjölskyldur þeirra og tekur tillit til aðstæðna. Starfsfólk styður foreldra við uppeldi og nám barnanna og veitir ráðgjöf þegar við á.					x	
B	Áhrifaríkar aðferðir eru notaðar til að greina börn sem þurfa viðbótarstuðning í uppeldi og námi.					x	
C	Starfsfólk hefur skilning á því að skjót viðbrögð við erfiðleikum barna er grundvallaratriði þegar mæta á þörfum þeirra.					x	
D	Stuðningurinn er vel skipulagður og tekur tillit til þarfa einstakra barna.					x	
E	Stuðningurinn gefur öllum börnum kost á að taka fullan þátt í daglegum venjum og öllum þáttum skólanámskrárinnar.					x	
F	Öll börn sem þurfa á stuðningi að halda ná árangri í átt að þeim markmiðum sem sett hafa verið í einstaklingsáætlun þeirra.					x	
G	Leikskólinn nýtir sér stuðningsstofnanir/hópa, þar á meðal lækniþjónustu, sálfræðinga og sérfræðinga í stuðningskennslu, leikskólaráðgjafa v/sérkennslu og félagsráðgjafa.						x

Í okkar skóla/í okkar hópi álítum við að einnig sé mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, að:

H							
I							

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

Veiku hliðarnar okkar:

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

	1	2	3	4	5	6
Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:					x	

Tillögur um aðgerðir:

Þátttakendur í mati: Allir starfsmenn leikskólans

Athugasemdir um árangursvísi:

Hvar mætti afla gagna:



Lykilþáttur 4 **Stuðningur við börn og fjölskyldur**

Árangursvísir 4.4. **Stuðningur við börn með sérþarfir**

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

Okkar mat:

4.4.	Stuðningur við börn með sérþarfir	1	2	3	4	5	6
A	Viðeigandi samræmi er milli þarfa barnanna, uppeldi og menntun og þeirri þjónustu sem þeim er boðin hverju sinni.					x	
B	Fylgst er vel með leikskóladvöl barnanna.						
C	Viðeigandi áætlanir, þar á meðal einstaklingsáætlanir, eru gerðar og framkvæmdar á virkan hátt.				x		
D	Allt starfsfólkið er vel upplýst um sérþarfir barnanna sem dvelja í leikskólanum.						x
E	Stjórnendur og starfsfólk er vel upplýst um lagasetningar varðandi börn með sérþarfir.					x	
F	Skjótvirkar aðferðir eru til staðar til að koma lagasetningum í framkvæmd ef með þarf.					x	

Í okkar skóla/í okkar hópi álítum við að einnig sé mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, að:

G							
H							

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

Veiku hliðarnar okkar: Mættum fylgja betur eftir einstaklingsáætlunum sem gerðar eru.

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

	1	2	3	4	5	6
Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:					x	

Tillögur um aðgerðir:

Þátttakendur í mati:

Athugasemdir um árangursvísi:

Hvar mætti afla gagna:



Leikskólinn Tröllaborg

Þróunaráætlun Lykilþáttur 4 Stuðningur við börn og fjölskyldur

Árangursvísir 4.4 Stuðningur við börn með sérþarfir

2016-2017

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Útbúa sérstakt eyðublað þar sem merkt er inná í hvert skipti sem stuðningurinn fer fram og hvernig gekk.	Deildarstjóri	Á næsta starfsmannafundi í lok janúar 2017		Eyðublaðið kynnt á næsta starfsmannafundi



Lykilþáttur 7 Stjórnun

Árangursvísir 7.1. Sjálfsmat

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

Okkar mat:

7.1.	Sjálfsmat	1	2	3	4	5	6
A	Starfsfólk tekur þátt í reglubundnu sjálfsmati, almennum umræðum um vinnuna og starfsemi leikskólans.						x
B	Notuð eru matsgögn til að meta allt leikskólastarfið og gagnkvæm tengsl milli starfsfólks og barnanna.					x	
C	Tekið er tillit til sjónarmiða barna og foreldra.					x	
D	Stjórnendur ábyrgjast að metnir séu allir lykilþættir, s.s. námskrár, þroski og framför barnanna og námsumhverfi.					x	
E	Stjórnendur hafa eftirlit með gæðum vinnu hvers starfsmanns, t.d með því að ræða þróunaráætlanir, vinna með starfsfólki og fylgjast með samskiptum starfsfólks og barna.					x	
F	Regluleg endurskoðun verkaskiptinga og stjórnunaraðferða er framkvæmd til að tryggja eðlilega þróun í almennu starfi leikskólans.					x	

Í okkar skóla/í okkar hópi álítum við að einnig sé mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, að:

G							
H							

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar: Reglulegt sjálfsmat og virk sjálfsmatsáætlun

Veiku hliðarnar okkar:

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

	1	2	3	4	5	6
Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:					x	

Tillögur um aðgerðir:

Þátttakendur í mati:

Athugasemdir um árangursvísi:

Hvar mætti afla gagna:



Lykilþáttur 7 Stjórnun

Árangursvísir 7.2. Markmið og stefnumörkun

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

Okkar mat:

7.2.	Markmið og stefnumörkun	1	2	3	4	5	6
A	Leikskólinn á sér markmið og stefnu sem endurspeglar lög og reglugerð um leikskóla og Aðalnámskrá leikskóla.						x
B	Markmiðin eru víðtæk og taka mið af þroska barnanna og öryggi þeirra og velferð.					x	
C	Markmiðin eru notuð til stuðnings áætlana um umbætur.					x	
D	Markmið leikskólans eru leiðbeinandi og stefnumarkandi fyrir starfsfólkið í starfi þess með börnunum.					x	
E	Starfsfólk og foreldrar eru vel upplýstir um uppeldislegar áherslur leikskólans.					x	
F	Uppeldis- og menntastefnan er þróuð með virkri þátttöku allra starfsmanna. (og foreldra- innskot ÞBJ)					x	

Í okkar skóla/í okkar hópi álítum við að einnig sé mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, að:

G							
H							

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar: Skólanámskráin var unnin með þátttöku bæði foreldra og starfsmanna

Veiku hliðarnar okkar:

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

	1	2	3	4	5	6
Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:					x	

Tillögur um aðgerðir:

Þátttakendur í mati: Allir starfsmenn leikskólans

Athugasemdir um árangursvísi:

Hvar mætti afla gagna:



Lykilþáttur 7 Stjórnun

Árangursvísir 7.3. Áætlun til aukins árangurs

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

Okkar mat:

7.3.	Áætlun til aukins árangurs	1	2	3	4	5	6
A	Þróunaráætlun fyrir allar umbætur er til staðar.					x	
B	Skýr tengsl eru milli markmiða leikskólans og framkvæmda.					x	
C	Áætlunin er gagnorð, skýrt fram sett og auðlæsileg.					x	
D	Þróunaráætlunin er metin reglulega og endurnýjuð eftir þörfum.					x	

Í okkar skóla/í okkar hópi álítum við að einnig sé mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, að:

E	Þróunaráætlunin aðgengileg öllum				x		
F							

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

Veiku hliðarnar okkar:

Hafa þróunaráætlunina sýnilega öllum

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

	1	2	3	4	5	6
Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:					x	

Tillögur um aðgerðir:

Þátttakendur í mati: Allir í leikskólanum

Athugasemdir um árangursvísi:

Hvar mætti afla gagna:

Leikskólinn Tröllaborg

Þróunaráætlun Lykilþáttur 7 Stjórnun

Árangursvísir 7.3 Áætlun til aukins árangurs

2015-2016

Hvað þarf að gera?	Hver á að gera það?	Hvenær á því að vera lokið?	Hvað þarf til?	Hvernig á að meta árangurinn?
Prenta út þróunaráætlunina og setja í flettimöppu inn á deild	Deildarstjórar	Fyrsta nóvember 2016		Í sjálfsmati á síðasta starfsmannafundi í vor



Lykilþáttur 7 Stjórnun

Árangursvísir 7.4. Stjórnandinn

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

Okkar mat:

7.4.	Stjórnandinn	1	2	3	4	5	6
A	Leikskólastjórinn hefur til að bera faglega færni.					x	
B	Leikskólastjórinn hefur þann eiginleika að hafa skapandi og hvetjandi áhrif á aðra og móta jákvætt starfsumhverfi.					x	
C	Hann er vel í stakk búinn til að leggja hlutlægt mat á hæfni starfsfólks og framlag hvers og eins til starfseminnar í leikskólanum.					x	
D	Leikskólastjórinn er í góðum tengslum við börnin og foreldra og á auðvelt með samstarf við þá.					x	
E	Samskipti við starfsfólk, aðra fagaðila, foreldra og samfélagið eru mjög góð.						x
F	Leikskólastjórinn hefur komið á fót öflugri samvinnu innan leikskólans.					x	
G	Starfsfólk er hvatt til að taka fullan þátt í lífi og starfi innan leikskólans.					x	

Í okkar skóla/í okkar hópi álítum við að einnig sé mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, að:

H							
I							

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

Veiku hliðarnar okkar:

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

	1	2	3	4	5	6
Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:					x	

Tillögur um aðgerðir:

Þátttakendur í mati:

Athugasemdir um árangursvísi:

Hvar mætti afla gagna:



Lykilþáttur 7 Stjórnun

Árangursvísir 7.5. Virkni starfsfólks

Dæmi um mikilvæga þætti sem huga þarf að við matið:

Okkar mat:

7.5.	Virkni starfsfólks	1	2	3	4	5	6
A	Verkaskiptingin er vel skilgreind og skiljanleg með hliðsjón af þörfum leikskólans.					x	
B	Starfsfólk uppfyllir vinnuskyldu sína af kostgæfni.					x	
C	Starfsfólkið er hvert öðru góð fyrirmynd í öllu starfi leikskólans.					x	
D	Starfsfólk mætir á réttum tíma til vinnu og fer eftir dagskipulagi.					x	
E	Starfsmaður tekur leiðsögn, sýnir frumkvæði og áhuga á börnunum, tekur ábyrgð þegar við á og aflar af sjálfsdáðum þekkingar á sviði uppeldis- og menntamála.					x	

Í okkar skóla/í okkar hópi álítum við að einnig sé mikilvægt varðandi gæði í þessu sambandi, að:

F							
G							

Matssamantekt:

Sterku hliðarnar okkar:

Veiku hliðarnar okkar:

Við erum sammála um að mikilvægustu þættirnir eru:

	1	2	3	4	5	6
Með tilliti til þess hvað okkur þykir mikilvægt hér að ofan erum við sammála um heildareinkunn fyrir þennan þátt:					x	

Tillögur um aðgerðir:

Þátttakendur í mati:

Athugasemdir um árangursvísi:

Hvar mætti afla gagna: